

Yfirlýsing frá Foreldrafélagi Laugarnesskóla.

Foreldrafélag Laugarnesskóla fagnar því að fram eru komnar tillögur að framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi og loforð meirihluta borgarstjórnar um samtal um húsnæðismál Laugarnesskóla. Við bendum jafnframt á að það samtal hefur staðið yfir frá árinu 2013 en engu skilað fram til þessa.

Húsnæði skólans er löngu sprungið vegna fjölgunar nemenda, bæði vegna endurnýjunar í hverfinu og vegna þéttingar byggðar. Samkvæmt nýkynntri áætlun borgaryfirvalda stefnir í áframhaldandi hraða uppbyggingu í skólhverfinu okkar.

Í dag er Laugarnesskóli ofsetinn um rúmlega 150 börn og það stefnir í að nemendum fjölgi um 100 fram til 2030. Kennt er í 7 færánlegum kennslustofum í dag, kennsla í verklegum- og listagreinum hefur liðið fyrir húsnæðisskort og innviðir starfsemi skólans löngu komnir langt yfir þolmörk.

Frístund fyrir 3-4.bekk er staðsett 1,5 km. frá skóla, lengst inni í Laugardal þangað sem börnin þurfa að ferðast um illa lýsta stíga á köldum vetrardögum. Íþróttahúsið er barn síns tíma sem nær ekki að hýsa kennslu fyrir öll börnin í skólanum, hvað þá hratt vaxandi starfsemi körfuboltadeildar Ármanns sem í dag er orðin stærsta körfuboltadeild borgarinnar. Íþróttaaðstaða barna og unglunga í hverfinu virðist víkjandi í forgangsröðun viðburða og við það erum við ósátt.

Við viljum samtal um að brugðist verði við útbýnntri aðstöðu nemenda Laugarnesskóla, hugað verði að hverfameningunni og við viljum sjá hugmyndir sem viðhalda skólagerð og gera jafnöldrum í hverfinu kleift að ganga áfram í sama skólann.

Nú þurfa orðum að fylgja efndir!

Stjórn foreldrafélags Laugarnesskóla